

ÁRSSKÝRSLA 2025



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

ÁRSSKÝRSLA 2025



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2025

Ábyrgðaraðili: Jenný Kristín Valberg, teymisstýra Bjarkarhlíðar

Uppsetning, samantekt og tölfærði: Ingibjörg Ruth Gulin, Þóra Björk Ágústsdóttir og Jenný Kristín Valberg

Útgáfustaður: Reykjavík, maí 2026

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

EFNISYFIRLIT



Upphafið	4
Bjarkarhlíð frjáls félagasamtök	5
Hugmyndafræði	5
Hlutverk	6
Þjónusta	7
Birtingarmyndir ofbeldis	8
Fræðsla og kynningarstarf	9
Samstarf við háskólasamfélagið	14
Alþjóðlegt samstarf	14
Mansalmál og Bjarkarhlíð.....	15
Þjónusta við þolendur á Vestfjörðum og Vesturlandi.....	16
Styrkir	16
Tölulegar upplýsingar 2025.....	17
Helstu álitamál.....	35
Bjarkarhlíð til framtíðar	36



Viljayfirlýsing um stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, var undirrituð af Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneyti (nú félags- og húsnæðismálaráðuneyti), dómsmálaráðuneyti, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamótum, Drekaslóð, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands 4. október 2016. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir stofnun Bjarkarhlíðar var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og í upphafi voru tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands voru með reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Þessu til viðbótar var Barnavernd Reykjavíkur með aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinntu börnum sem höfðu orðið vitni að ofbeldi.

Eftir að tilraunaverkefninu lauk vildu allir samstarfsaðilar halda starfinu áfram og hefur Bjarkarhlíð verið starfrækt sem frjáls félagasamtök frá 1. janúar 2019. Drekaslóð hætti starfsemi 2022 og þar með þátttöku sinni að Bjarkarhlíð. Mannréttindaskrifstofa Íslands var lögð niður árið 2025 en mannréttindastofnun Íslands sem síðar var sett á fót lítur ekki á það sem eitt af hlutverkum sínum að vera þátttakandi í starfi Bjarkarhlíðar.

Á árinu 2025 störfuðu tveir ráðgjafar í Bjarkarhlíð ásamt teymisstýru. Samkvæmt sérstökum samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið var ráðinn samhæfingarráðgjafi mansalsmála frá 1. september 2024 til tveggja ára.

Árið 2024 var Bjarkarhlíð falið það tilraunaverkefni að sinna þjónustu við þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum. Það gekk vel og því fjármagnaði ráðuneytið hálfst stöðugildi árið 2025 í Bjarkarhlíð, til eins árs, til veita áframhaldandi ráðgjöf á Vesturlandi og Vestfjörðum.



BJARKARHLÍÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK



Rannsóknarlögreglukona frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu var fyrstu 6 mánuði ársins í 50% stöðu sem breyttist í júní í 100% stöðu og ráðgjafi frá Kvennaathvarfinu var með viðveru í 75% starfshlutfalli, ásamt því að ráðgjafar frá lögfræðiráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands skiptu með sér lögfræðiráðgjöf hálfan dag í viku. Kvennaráðgjöfin sinnir nú allri lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð Stígamót, var á árinu, með ráðgjöf fyrir þjónustupega Bjarkarhlíðar í húsakynnum Stígamóta. Einnig var Bergið headspace með ráðgjöf í Bjarkarhlíð hálfan dag í mánuði fyrstu 10 mánuði ársins.

Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir átta samstarfsaðilarnir eigi einn fulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn sem hefur það hlutverk að móta stefnu og stýra starfi Bjarkarhlíðar. Árið 2025 tók Þóra Jónasdóttir við formannshlutverki í stjórninni. Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og voru haldnir 11 stjórnarfundir auk eins aðalfundar árið 2025. Stjórn Bjarkarhlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæði. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa frá upphafi veitt fjármagn til starfsemi Bjarkarhlíðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann sem hefur aðsetur í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót, Kvennaathvarfið og Bergið headspace voru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita þjónustupegum ráðgjöf og stuðning. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin veittu lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð.

HUGMYNDAFRÆÐI

Bjarkarhlíð byggir á sömu hugmyndafræði og „Family Justice Center“ en hún byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin felur í sér að grípa betur þolendur ofbeldis í nánnum samböndum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 32 European Family Justice Center (EFJC) í Evrópu. Þess má geta að tilraunaverkefni sem byggir á sömu hugmyndafræði er nú starfrækt á Akureyri og nefnist Bjarmahlíð. Þá er Suðurhlíð starfsrækt á Suðurnesjum sem þjónustar þolendur ofbeldis, en allar þessar þolendamiðstöðvar byggja á þeirri hugmyndafræði að veita lágþröskuldþjónustu fyrir fulloröna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu. Einnig starfa Sigurhæðir á Selfossi með svipuðum hætti þó þjónustan þar sé með aðeins öðru sniði og miðist eingöngu við konur.



Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Veitt er samhæfð þjónusta á einum stað og einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar sé þess óskað og þar að auki er einnig hægt að fá lögfræðiráðgjöf á staðnum.

Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla. Aðgengilegt kynningarmyndband um starfsemina er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Viðbragðsteymi vegna mansalsmála var í Bjarkarhlíð en það var lagt niður 2024 þegar samhæfingarráðgjafi vegna mansalsmála tók til starfa. Ráðgjafinn kallar þá til sem á þarf að halda hverju sinni og setur á fót teymi sem er sniðið að hverju máli fyrir sig. Brotapolum mansals er veittur stuðningur og ráðgjöf og sér ráðgjafinn um að samhæfa þjónustu og viðbrögð vegna mansals.

Hlutverk Bjarkarhlíðar er að veita lágpröskuldapjónustu fyrir þolendur ofbeldis, auka öryggi þjónustuþega og valdefla þá. Bjarkarhlíð hefur einnig það hlutverk að auka umræðu um ofbeldi í samfélaginu og alvarlegar afleiðingar þess. Í því augnamiði sinnir Bjarkarhlíð fræðslu og tekur þátt í umræðu um ofbeldi í samfélaginu og er sjónum beint að gerendum í því samhengi.





Lögð er áhersla á hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur kynbundins ofbeldis og ofbeldis í nánum samböndum.

ÞJÓNUSTA

Bjarkarhlíð er lágþröskuldþjónusta og þarf því ekki tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka móttökuvíðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út rafrænt eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um þjónustunotenda og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustunotanda. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Stærsti liður þjónustu Bjarkarhlíðar hafa verið einstaklingsviðtöl. Vaninn er að bjóða þjónustunotendum eitt til þrjú viðtöl við ráðgjafa og í framhaldi, þegar það á við, er boðin ráðgjöf og stuðningur hjá þeim aðilum sem taldir eru best til þess fallnir að vinna með þær afleiðingar ofbeldis sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Kvænnaathvarfið og Stígamót bjóða þjónustunotendum áframhaldandi viðtöl og stuðning í framhaldi af viðtölum við ráðgjafa Bjarkarhlíðar. Lagt er upp með að samstarfsaðilar hitti þjónustunotanda áfram í Bjarkarhlíð þar sem samtal við lögreglu og lögfræðiráðgjöf stendur þjónustunotanda einnig til boða.

Í janúar 2025 hélt hópstarf Bjarkarhlíðar áfram með stuðningshópum í formi námskeiðs fyrir konur sem allar áttu það sameiginlegt að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi. Helstu markmið með námskeiðinu var að styrkja og styðja við þolendur ofbeldis með valdeflingu að leiðarljósi. Hvert námskeið var tvískipt. Fyrri hluti hvers námskeiðs samanstóð af skapandi vinnu „skapandi skrif“ og var afrakstur vinnunnar 34 ljóð eftir þátttakendur. Seinni hluti námskeiðsins byggði á reynslusögum þátttakenda og umræðum þeim tengdum. Einnig markaði námskeiðið upphaf af „Talkór Bjarkarhlíðar“ þar sem notuð var listgreinin „málform“ (e. Speech formation). Hópurinn hittist einu sinni í viku í átta skipti undir handleiðslu ráðgjafa. Annar hópur fór svo af stað í september og viðtökur voru áfram mjög góðar.

Bjarkarhlíð sinnir einnig fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis til fyrirtækja og stofnana, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur tekið að sér verkefni fyrir ríki og borg.



Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldi sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar í þeirri tölfraði sem er safnað og birtist m.a. í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **Andlegt ofbeldi:** Til dæmis að stjórna, kúga, niðurlægja, hóta sjálfsvíg, einangra, morðhótanir, sýna ógnandi hegðun og gaslýsa þar sem þolandi er látinn efast um eigið minni og upplifanir.
- **Líkamlegt ofbeldi:** Líkamlegt ofbeldi er þegar einhver meiðir þig, t.d. klípur, sparkar, hrindir eða lemur.
- **Kynferðislegt ofbeldi:** Til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, nauðgun/“kynlíf“ sem þolandi vaknar við, byrlun og virða ekki kynfrelsi þolanda.
- **Kyrkingartak:** þrengt eða tekið utan um öndunarveg þolanda.
- **Mansal:** Hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til t.d. kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnd nútímaþrælahald fellur einnig undir þennan flokk.
- **Fjárhagslegt ofbeldi:** Til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, valda fjárhagslegu óöryggi, gera kröfu um lántöku og skuldsetningu einstaklings gegn hans vilja.
- **Stafrænt ofbeldi:** Til dæmis misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla og persónustuldur.
- **Stafrænt kynferðisofbeldi:** felur m.a. í sér myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **Eltihrellir (e. stalking):** Til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, eftirför og áreitni, koma fyrir staðsetningarbúnaði í síma eða ökutæki.
- **Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn barni/börnum:** Einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimili, hvort sem það beinist að barni eða ekki.
- **Vanræksla viðkvæmra hópa:** Til dæmis aðstoð haldið frá viðkomandi og lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánnum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn bæði hvað snertir að skapa skilning á afleiðingum þess en einnig í þjónustu og stuðningi.



Bjarkarhlíð fékk heimsóknir frá fjölda stofnana og félagasamtaka á árinu sem leið, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar kynnti starfsemina þar sem þess var óskað. Einnig tók Bjarkarhlíð þátt í samstarfsverkefnum af ýmsum toga.

Janúar

- Danstherapía í Bjarkarhlíð. MA nemandi í sálfræðimeðferð í danshreyfingarmeðferð (dance movement therapy, DMT) veitti ókeypis hópsálfræðitíma fyrir pólskumælandi konur
- Fundur Bjarkarhlíðar og Rauða Krossins. Rætt um möguleg samlegðaráhrif í félagslegum stuðningi við flóttafólk og umsækjendur um vernd, og þolendur mansalsmála.
- Teymisstýra fór í viðtal við fréttablað Sameyki þar sem fjallað var um stuðning við þolendur á vinnustöðum.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir starfsfólk Liðsaukans.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór á málþing félags áfengis- og vímuefnaráðgjafa (FÁR) um vímuefnavanda ungmenna á Íslandi.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir læknanema í Háskóla Íslands.

Febrúar

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir velferðarsvið Mosfellsbæjar.
- Vinnustofa fyrir starfsfólk Bjarkarhlíðar, þar sem m.a. unnið var að gildum og samskiptasáttmála Bjarkarhlíðar.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða Rauða Kross Íslands.
- Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og veitti fræðslu um störf sín.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar í Mánabergi, heimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Mars

- Teymisstýra fór ásamt fulltrúa frá Dómsmálaráðuneyti og fulltrúum frá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu á ráðstefnunna: Gender based cyberviolence sem fram fór á Möltu.
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála tóku þátt í hringborðsumræðum á fundi The European Institute for Crime Prevention and Control affiliated with United Nations (HEUNI) vegna norræna verkefnisins: INTEGRATE - integrative Approaches to Labor Exploitation and Work-related crime: Knowledge translation, transfer and exchange in the Nordic Context.
- Teymisstýra Bjarkarhlíðar tók á móti styrk frá Velferðarráði Reykjavíkurborgar.
- Barnahús kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynnti starfsemi sína FM-HAM meðferðarúrræði sem boðið er upp á í Barnahúsi.



Apríl

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir nemendur Fjölbrotaskóla Snæfellinga.
- Teymisstýra sat Webinar um “The Stop Femicide Act: A Belgian Initiative” hjá EFCJA
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála héldu kynningu á vegum UN Global Compact á Íslandi, um vinnuréttindabrot, vinnumansal og forvarnir.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór á vinnustofu hjá Stígamótum: Kerfið með augum brotapolá.
- Teymisstýra ásamt samhæfingarráðgjafi mansalsmála sátu fund með, The International Organization for Migration, (IOM).
- Teymisstýra sat fund með EFCJA.
- Teymisstýra og ráðgjafi Bjarkarhlíðar kynntu þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á Vestfjörðum fyrir framlínustarfsfólki.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fundaði með Samtökunum '78, kynntu starf Bjarkarhlíðar og fengu kynningu á störfum Samtakanna '78.
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála áttu fund með mansalsdeild Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu.

Maí

- Teymisstýra hélt kynningu á viðburði Mannauðs um stefnumótun vinnustaða vegna starfsfólks sem eru brotapolar heimilisofbeldis.
- Geðheilsuteymi í Austurmiðstöð kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og hélt kynningu á störfum sín.
- Teymisstýra kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir nokkrum nemendum Menntaskólans við Sund.
- Starfsmönnum Bjarkarhlíðar var boðið að vera með í fræðsluviðburði á vegum Saman gegn ofbeldi verkefnisins.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar, hélt kynningu á störfum sínum og hlutverki lögreglunnar í Bjarkarhlíð.
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi Bjarkarhlíðar tóku þátt í Jafnréttisþingi 2025 sem haldið var á vegum dómsmálaráðuneytis. Þar var rætt um mansal með áherslu á kynlífs/vændismansal.
- Teymisstýra sat ráðstefnu Nordiske kvinder mod vold þar sem yfirskriftin var the Future of the Nordic Women's Movement Against Violence.
- Meistaraniemi í afbrotufræði við Háskóla Íslands kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynnti niðurstöðu sína um áhættuþætti sem leitt geta til manndráps úr tölfræði Bjarkarhlíðar í samræmi við 8 stiga tímalínu morða, hugmyndafræði dr. Jane Monckton-Smith.
- Teymisstýra sat fjarfund um Shedding light on Elder Abuse - Understanding, Preventing and Responding á vegum EFJCA.
- Teymisstýra Bjarkarhlíðar ásamt fleirum, fengu kynningu frá Toca um öryggisbúnað sem hindrar öll fjarskiptamerki í snjallsíma með því að einangra hann frá neti.



Júní

- Teymisstýra Bjarkarhlíðar kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir fulltrúum frá ráðuneytum, lögreglu og velferðarsviðum í Danmörku. Þar í landi stendur til að opna þolendamiðstöðvar af svipuðum toga og Bjarkarhlíð.
- Teymisstýra Bjarkarhlíðar hélt erindi á ráðstefnu um vernd barna gegn ofbeldi á vegum Háskólans í Reykjavík og Barna- og fjölskyldustofu.
- Teymisstýra sat fund með fulltrúum velferðarsviðs Reykjavíkur, Vinnumálastofnunar og ASÍ sem bar yfirskriftina: Hvað lærðum við ... vinna með mansalsmál. Þar var farið yfir stöðu mansalsmála almennt á Íslandi.

Júlí

- Dómsmálaráðherra kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynnti sér um starfsemi Bjarkarhlíðar.

Ágúst

- Gulur September kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og tók upp kynningu um Bjarkarhlíð fyrir herferð þeirra á samfélagsmiðlum.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar tók þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka og voru með öflugra hvatningarstöð.
- Siðmennt kom í heimsókn og voru rædd mansalsmál, málamyndahjúskapur og möguleg upplýsingagjöf að hálfu Siðmenntar til hugsanlegra brotþola mansals.

September

- Starfsfólk Bjarkarhlíðar sótti málstofu á vegum Kvænnaathvarfsins um Preventing Domestic Violence.
- Teymisstýra hélt erindi um forvarnir gegn ofbeldi á málþingi á vegum velferðarnefndar Ísafjarðar.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra heimsótti Bjarkarhlíð og kynti sér starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Fulltrúar stoðeildar Ríkislögreglustjóra komu í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynntu starfsemi sína.
- Teymisstýru var boðið að taka þátt í ráðstefnu um þróunarhorfur í réttaraðstoð ríkisins og bótagreiðslur til þolenda afbrota, sem fram fór í Ríga, Lettlandi. Farið var yfir þróun réttaraðstoðarkerfisins, þvert á landamæri samstarfi í málum þolenda, framtíðarsýn í bótakerfinu og stuðningsúrræði sem réttlætiskerfið veitir þolendum – þar á meðal sáttamiðlun og endurhæfingarréttlæti.
- Teymisstýra hélt fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum fyrir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.



- Félags- og húsnæðismálaráðherra kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynnti sér starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Forseti Íslands kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og fékk kynningu um starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Kynferðisbrotadeild lögreglunnar kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og hélt kynningu um starfsemi sína.
- Teymisstýra kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir læknanemum í Háskóla Íslands.
- Nemi í félagsráðgjöf og fyrrum starfsnemi kom og hélt erindi um verkefnið sitt.
- Ráðgjafi í vesturverkefni héldu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir nemendur í Fjölbrotaskóla Vesturlands.
- Fulltrúar frá Vitund, hagsmunasamtökum brotþola komu og héldu kynningu fyrir stjórn Bjarkarhlíðar.

Október

- Samhæfingarráðgjafi mansalsmála tók þátt í innlotu Háskólans á Akureyri fyrir lögreglufræðinema. Frætt var meðal annars um birtingarmyndir mansals og fólk í áhættuhópum.
- Teymisstýra sótti ráðstefnu EFJCA sem bar yfirskriftina: From Vision to Implementation: Advancing Gender-Responsive Multidisciplinary Policies. sem haldin var á Heraklion á Krít. Ásamt því að kynna þar stuttlega starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Teymisstýra hélt kynningu um starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir heilsugæslu Hólmavíkur.
- Teymisstýra hélt kynningu um starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir lögregluna á Hólmavík.
- Teymisstýra sótti hádegismálþing Mannréttindastofnunar Íslands á Kjarvalsstöðum.
- Séra Vigfús Bjarni Albertsson forstöðumaður Fjölskyldu- og sál-gæsluþjónustu kirkjunnar hélt fræðslu um starf sitt og þjónustu í Háteigskirkju.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar heimsótti Kvennaathvarfið og fengu kynningu á starfsemi þess.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór í heimsókn í Barnahús og fengu kynningu á starfseminni þar.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fékk fyrirlestur frá Sylvíu Guðmundsdóttur hjá Styrkleikum og stefnu.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar tóku þátt í Söguhring Kvenna á Kvennaári 2025.
- Teymisstýra sótti málþing um Öruggeri borg fyrir hinsegin fólk á vegum Reykjavíkurborgar.
- Bjarkarhlíð tók þátt í vitundarvakningu UN Women: 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.

Nóvember

- Bikers Agianst Child Abuse (BACA), komu í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynntu starfsemi sína.
- Teymisstýra sat á fundi um Cross-Profession meeting voices á vegum EFJCA.
- Forsætisráðherra kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og kynnti sér starfsemi Bjarkarhlíðar.



- Trans Ísland kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar og fékk kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Teymisstýra sat fund hjá Félagi eldri borgara (FEB), þar sem rætt var um hvernig hægt sé að bæta þjónustu við eldri borgara sem verða fyrir ofbeldis í nánu sambandi.
- Teymisstýra átti samstarfsfund á vegum EFJCA með Marna Carroll, sem stýrir the Laois Domestic Abuse Service in Ireland.
- Bjarkarhlíð og IOM, í samstarfi við Vinnumálastofnun, stóðu fyrir fræðslu um mansal.
- Anna Ragna Fossberg kom í heimsókn og las upp úr bók sinni Hirðiflið fyrir starfsfólk.
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála sátu kynningu á niðurstöðum úr Romís verkefninu á Íslandi og um reynslu fagfólks sveitarfélaga frá Norðurlöndunum af vinnu með Rómafólki. Kynningin var á vegum velferðasviðs Reykjavíkur.
- Teymisstýra tók þátt í ljósagöngu UW Women.
- Teymisstýra hélt kynningu fyrir lögreglunema hjá starfsþróunarsetri lögreglunnar.

Desember

- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála tóku þátt í viðburði á vegum dómsmálaráðuneytisins um frekari innleiðingar á Istanbúlsamningnum.
- Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi mansalsmála áttu fund með Barna- og fjölskyldustofu um mansalsmál.
- Teymi heimilisofbeldismála á Landspítalanum kom í heimsókn og var með kynningu á störfum sínum.
- Teymisstýra sat webinar: Animal Abuse and Domestic Violence á vegum EFJCA.
- Teymisstýra fór í viðtal í hlaðvarpið: Í skugga kerfisins og ræddi þar um starfsemi Bjarkarhlíðar og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum.
- Bræður í Oddfellow stúku númer 9, Þormóði goða komu í heimsókn og veittu Bjarkarhlíð fjárfstyrk auk þess að fá kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.



Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í góðu samstarfi við háskólasamfélagið og fengið til sín fjölda nema, bæði í starfskynningu og starfsnám. Á árinu fékk Bjarkarhlíð hjúkrunarfræðinema og lögreglunema frá Háskólanum á Akureyri og afbrotufræðinema frá Háskóla Íslands. Nemar fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar ásamt því að sitja þolendaviðtöl með ráðgjöfum auk þess að vinna verkefni úr tölfraeðilegum gögnum Bjarkarhlíðar

Nemar úr Menntaskólanum við Sund og nemendur í Fjölbrotaskóla Vesturlands fengu fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og starf Bjarkarhlíðar. Einnig fengu læknanemar og hjúkrunarfræðinema í Háskóla Íslands og lögreglunemar frá Háskólanum á Akureyri kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar. Þá komu nemendur í sálfræði í Háskóla Íslands í vísindaferð til Bjarkarhlíðar þar sem þeir fengu kynningu á birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum þess ásamt því að kynna sér starfsemi Bjarkarhlíðar.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

- Teymisstýra sótti fjarfundi EFJCA á árinu 2025
- Teymisstýra og mansalsráðgjafi sátu fundi með IOM.
- Teymisstýra sat fundi með OCHE.
- Teymisstýra sat í stjórn samtakanna (EFJCA supervisory board) árið 2025



Mansalsmál hafa verið viðamikill hluti af starfsemi Bjarkarhlíðar en árið 2024 var ákveðið að ráða starfsmann til tveggja ára til að sinna verkefninu. Bjarkarhlíð hefur því áfram það hlutverk, samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið, að samhæfa aðgerðir og kalla til viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur leikur á um slíkt. Samhæfingarráðgjafi hóf störf haustið 2024 og starfar undir teymisstýru Bjarkarhlíðar sem áfram kemur að mansalsmálum.

Eins og fram hefur komið hefur framkvæmdateymi í mansalsmálum verið lagt niður en starfsmaður mansalsmála kallar til þá viðbragðsaðila sem við á þegar upp koma mansalsmál. Góð reynsla er af samstarfi viðbragðsaðila og mikil ánægja með fyrirkomulagið meðal þeirra. Með ráðningu starfsmanns hefur verið unnt að móta starfið, þ.e. verkferla og aðkomu Bjarkarhlíðar að málum einstaka þolenda. Auk þess hefur unnist tími til að samhæfa betur aðgerðir viðbragðsaðila. Hlutverk Bjarkarhlíðar að veita stuðning og ráðgjöf en þjónustan sem Bjarkarhlíð veitir þolendum mansals er mjög mismunandi. Sumir þurfa t.d. aðstoð við að finna nýja vinnu en aðrir þurfa vernd fyrir ýmiss konar ógn sem oft steðjar að fólki í viðkvæmri stöðu. Þörf getur verið fyrir öruggt húsnæði, fæði og klæði svo fátt eitt sé nefnt. Þolendum eru boðin viðtöl þar sem þeim gefst færi á að segja sína sögu og fá andlegan stuðning og ráðgjöf.

Þá gefst tækifæri til að greina þjónustubörf og skipuleggja næstu skref fyrir þolanda, og skipuleggja vinnu framkvæmdateymis. Í þjónustu Bjarkarhlíðar felst til dæmis aðstoð við umsóknir um dvalarleyfi eða að sækja um skólavist auk tilvísana í áfallameðferð svo eitthvað sé nefnt. Samhæfingarráðgjafi í mansalsmálum hefur þar að auki lagt áherslu á að auka tengsl við ýmsa þjónustuveitendur, t.a.m. Hjálpræðisherinn og Rauða krossinn, í þeim tilgangi að geta beint skjólstæðingum í sjálfboðastarf eða aðra félagslega virkni sem er í boði.



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR Á VESTFJÖRÐUM OG VESTURLANDI

Árið 2024 var óskað eftir því af félags- og húsnæðismálaráðuneytinu að Bjarkarhlíð tæki að sér tilraunaverkefni sem fela myndi í sér tímabundna þjónustu við þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum í sex mánuði gegn fjárstyrk þar sem ekki er þolendamiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á því svæði.

Frá og með janúar fram í júní 2024 var boðið upp á viðtalsþjónustu fyrir þolendur ofbeldis á fjögurra vikna fresti á Vesturlandi og Vestfjörðum. Viðtöl þessi voru tekin á Akranesi, Borgarnesi, Grundarfirði, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Verkefnið gekk afar vel og greinilegt að eftirspurn var eftir þjónustu Bjarkarhlíðar á Vestfjörðum og Vesturlandi. Þar af leiðandi var ákveðið árið 2025 að bæta við hálfu stöðugildi í Bjarkarhlíð, til eins árs, til þess m.a. að sinna eftirspurn um þjónustu og veita áframhaldandi ráðgjöf á Vesturlandi og Vestfjörðum í samstarfi við aðra ráðgjafa Bjarkarhlíðar.

STYRKIR

Margir aðilar styrktu Bjarkarhlíð á árinu 2025. Bjarkarhlíð var til að mynda þátttakandi í Reykjavíkumaráðuneytinu Íslandsbanka þar sem fjöldi einstaklinga hljóp til styrktar starfsemi. Þá styrktu Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur Bjarkarhlíð á árinu. Fjöldi annarra aðila styrkti rekstur Bjarkarhlíðar á árinu, s.s. VIRK starfsendurhæfingarsjóður, Starfsgreinasamband Íslands, Svall ehf, Prósent, Múltíkúltí, Kaupmannasamtökin, Oddfellow stúka nr. 9 - Þormóðs goða auk nokkurra einstaklinga.

Bjarkarhlíð þakkar öllum dýrmætan stuðning sem nýtast mun vel til áframhaldandi starfsemi í þágu þolenda.



Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru byggðar á spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustunotendur svara þegar þeir koma í viðtal í fyrsta skipti. Þjónustunotendur svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka svo við og fylla inn í komuskýrsluna. Sams konar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustuþega sem sækja þjónustu í Bjarkarhlíð.

Hér á eftir fylgja tölulegar upplýsingar frá síðastliðnu ári en í einhverjum tilvikum voru skoðaðar breytingar á milli ára. Nefna ber að þjónustunotendur svara sumir hverjir ekki öllum spurningum í komuskýrslu og eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum.

Upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á vefsíðu Bjarkarhlíðar. Á árinu 2025 leituðu alls 861 einstaklingar til Bjarkarhlíðar.

1. Þjónusta áður

Margir höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð og einhverjir höfðu fengið þjónustu á fleiri en einum stað. Einstaklingar sem höfðu aldrei fengið neina þjónustu áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar voru 188. Sjá nánar í töflu 1 á blaðsíðu 18.

2. Upplýsingar um úrræðið

Í fyrstu spurningu í komuskýrslu er spurt um hvernig þjónustunotendur hafi fyrst heyrt af þjónustu Bjarkarhlíðar. Flestir höfðu heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum vin, kunningja eða fjölskyldu eða 280 einstaklingar (34%). Notendur sem höfðu heyrt af Bjarkarhlíð í opinberri umfjöllun voru 158 eða 19%. Þeir sem heyrðu af starfseminni í gegnum félagsþjónustuna voru 72 eða um 9% og 64 (8%) fengu upplýsingar í gegnum heilbrigðiskerfið. Einstaklingar sem höfðu sjálfir orðið sér úti um upplýsingar um Bjarkarhlíð voru 47 eða 6%. Lögregla benti 43 á Bjarkarhlíð eða 5% þjónustuþega. Þá höfðu 30 (4%) einstaklingar fengið upplýsingar á vinnustað en 35 einstaklingar fundu upplýsingar á samfélagsmiðlum eða 5% þjónustunotenda. Aðrir höfðu fengið upplýsingar hjá endurhæfingarúrræði, barnavernd, í áfengis- og vímuefnaeðferð, hjá neyðarlínu eða Virk en 11 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni. Sjá samantekt í töflu 1 á blaðsíðu 18.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2025



Tafla 1. Dreifing svara þjónustunotenda við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð“?

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	Hlutfall
Vinur/kunningi/fjölskylda	280	31%
Opinber umfjöllun	158	19%
Velferðarsvið/Félagsþjónusta	72	9%
Annað	53	6%
Heilbrigðiskerfið	64	8%
Fann sjálf/ur/t upplýsingar	47	6%
Lögregla	43	5%
Samskiptamiðlar (Instagram, facebook, o.s.frv.)	30	4%
Vinnustaður/samstarfsaðili	30	4%
Endurhæfingaúrræði	15	2%
Barnavernd	11	1%
Áfengis- og vímuefnaeðferð	6	1%
VIRK	1	0.1%
Neyðarlínan 1-1-2	1	0.1%

Margir þjónustunotendur Bjarkarhlíðar hafa áður verið í þjónustu annars staðar og spurt er um þetta í komuskýrslu. Hægt er að haka við fleiri en eitt svar og má sjá í töflu 1, þar sem svörin við þessari spurningu eru tekin saman, að margir hökuðu við fleiri en eitt svar. Fjöldi svara er 1.684 og fjöldi þeirra sem svaraði spurningunni eru 804 en 57 aðilar kusu að svara ekki.

Athygli vekur að flestir notendur kváðust hafa rætt við lögreglu áður en ráðgjöf var sótt í Bjarkarhlíð eða 197 manns (25%). En 186 aðilar höfðu ekki fengið aðstoð annars staðar sem eru 23% þjónustunotenda Bjarkarhlíðar. En 145 aðilar fengu aðstoð sjálfstætt starfandi meðferðaraðila (18%), 135 (17%) höfðu hlotið aðstoð heilsugæslu eða spítala og Barnavernd hafði haft afskipti af málum 134 þjónustunotenda (17%). Sjá töflu 2 á blaðsíðu 19.




Tafla 2. Dreifing svara vegna þjónustu sem notendur höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2025. Nefnarinn sem notast er við í útreikningum í töflu er 804 sem er fjöldi svarenda.

Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	197	25%
Ekki fengið aðstoð áður	186	23%
Sjálfstætt starfandi meðferðaraðili (sálfræðingur/fiknifræðingur eða annað)	145	18%
Heilsugæsla/spítali	135	17%
Barnavernd	134	17%
Bjarkarhlíð	122	15%
Geðdeild	87	11%
Já, aðstoð annars staðar	77	10%
Endurhæfingarúrræði	73	9%
Kvennaathvarfið	65	8%
Bráðamóttaka LSH	59	7%
Stígamót	46	6%
Sýslumaður	45	6%
Píetasamtökin	25	3%
Neyðarmóttaka v. kynferðisofbeldis	20	2%
Öðrum frjálsum félagasamtökum	16	2%
Þjónustumiðstöð	8	1%
Sigurhæðir	4	0.5%
Bjarmahlíð	4	0.5%
Suðurhlíð	1	0.1%

N=804

3. Aldur


Svipuð dreifing var á aldri þjónustunotenda Bjarkarhlíðar árið 2025 og undanfarin ár. Flestir voru á aldrinum 31 til 40 ára eða 252 aðilar (31%) og 18 til 30 ára voru 225 talsins (28%). 183 þjónustunotendur Bjarkarhlíðar voru á aldrinum 41 til 50 ára eða (22%). 86 (11%) aðilar voru á aldrinum 51 til 60 ára og 46 (6%) á aldrinum 61 til 70 ára. Sjá mynd 1 á blaðsíðu 20. Athygli vekur að koma þjónustunotenda 71 ára og eldri tvöfaldaðist frá árinu 2024 eða úr 11 (1,5%) í 22 (3%).



Mynd 1. Dreifing aldurs þjónustunotenda í Bjarkarhlíð árið 2025.

4. Kyn

Alls svöruðu 819 einstaklingar spurningu er varðaði kyn. Eins og undanfarin ár var mikill meirihluti notenda þjónustu Bjarkarhlíðar konur en þær voru 701 talsins eða 84%, 113 karlar sóttu þjónustu eða um 16% og rétt undir 1% kvár en þau voru 4 talsins, sjá mynd 2.




Mynd 2. Skipting þjónustunotenda eftir kyni; karl, kona og kvár.




5. Kynhneigð og hinseginleiki

Um mitt ár 2025 var spurning um kynhneigð uppfærð svo hún myndi ná til alls þess breytileika sem er undir hinsegin regnhlífinni. Einstaklingar svöruðu spurningunni um kynhneigð og hinseginleikann voru 819, 90% svarenda töldu sig ekki falla undir hinsegin regnhlífinna, þ.e. kváðust gagnkynhneigð en 69 svarenda eða 8% sögðust vera hinsegin, þá flest tví- eða pankynhneigð. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Dreifing svarenda um kynhneigð og hinseginleika; er ekki viss, gagnkynhneigð, samkynhneigð, tvíkynhneigð, pankynhneigð, eikynhneigð, kvár, trans kona.

6. Tími atviks; nýtt/gamalt



Þjónustunotendur eru spurðir hvort mál sem þau vilji ræða sé nýtt eða eldra en árgamalt. 815 svöruðu spurningunni og þar af voru 555 komnir til að ræða nýtt mál eða 68% svarenda. En 260 manns kváðust vilja ræða mál sem átti sér stað fyrir meira en ári síðan eða í kringum 32% svarenda. Sjá mynd 4.

Mynd 4. Tími atviks (hér er átt við það ofbeldisatvik sem þjónustunotandi er kominn til að ræða núna).



7. Uppruni

Þegar skoðaður er uppruni notenda þjónustunnar eru einhverjar breytingar milli ára 2024 og 2025. Hlutfall þjónustunotenda sem skilgreina uppruna sinn erlendan lækkaði úr 21,5% í 12,5% en hafa skal í huga að þolendur mansals eru ekki inni í tölfræðinni í ár sem er breyting frá því í fyrra. Sjá töflu 3.

Tafla 3. Uppruni þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2025; erlendum (innan Evrópska efnahags svæðisins), erlendum (utan Evrópska efnahagssvæðisins), íslenskur.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
Íslensk/ur/t	702	87%
Erlend/ur/t - utan EES	52	6%
Erlend/ur/t - innan EES	49	6%
Kom ekki fram	24	3%

N=803

8. Túlkaþjónusta

Í Bjarkarhlíð er boðið upp á túlkaþjónustu fyrir þau sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Þjónustunotendur frá eftirtöldum löndum, auk Íslands, sóttu þjónustu Bjarkarhlíðar árið 2025:

Albaníu, Afganistan, Ástralíu, Bandaríkin, Bretlandi, Bosnía, Danmörku, Ekvador, El Salvador, Filippseyjar, Frakklandi, Gana, Grikklandi, Írak, Íran, Ítalíu, Kanada, Kenýa, Kína, Kólumbíu, Kósovó, Lettland, Marokkó, Mexíkó, Nígería, Noregur, Palestína, Pólland, Portúgal, Slóvakíu, Spáni, Svíþjóð, Sýrland, Suður Afríku, Taíland, Tyrklandi, Úganda, Úkraína, Ungverjaland, Venesúela, Víetnam, Þýskalandi.

9. Búseta

Alls svöruðu 853 notendur spurningu um búsetu. Flestir svarenda voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og þar af voru 443 (54%) búsettir í Reykjavík og voru 237 svarenda (28%) búsettir á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.



Alls voru 125 notendur þjónustunnar búsettir á landsbyggðinni, sjá töflu 4. Meirihluti svarenda, þ.e. 551 einstaklingur, hafði lokið námi í framhaldsskóla eða háskóla eða 67%. Alls höfðu 21% þjónustunotenda lokið grunnskólanámi og 2% þeirra höfðu lokið sérskólanámi, sjá nánar í töflu 5.

Tafla 4. Búseta þjónustuþega.

Búseta	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	443	54%
Kópavogi	75	9%
Hafnarfirði	67	8%
Garðabæ	45	5%
Mosfellsbæ	39	5%
Vesturlandi	39	5%
Suðurlandi	34	4%
Suðurnesjum	27	3%
Erlendis	14	2%
Vestfjörðum	13	2%
Seltjarnarnesi	11	1%
Austurlandi	7	1%
Norðurlandi	5	0.5%

N=827

Tafla 5. Menntunarstig þjónustunotenda sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2025. Sérskólanám er t.d. tækniskólinn eða sambærileg menntun.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
Háskólanám	319	39%
Framhaldsskólanám (með stúdentsprófi)	232	29%
Grunnskólanám	167	21%
Annað	53	7%
Sérskólanám (t.d. Tækniskólinn, iðnnám, starfsréttindi)	15	2%

N=812



10. Fötlun eða sjúkdómar

Allir þjónustugegar eru beðnir að haka við atriði á lista sem tekin eru saman hér í töflu 6. Um 314 aðilar eða 39% sögðust ekki vera með fötlun eða kljást við sjúkdóm. Athugið að hægt var að haka við fleiri en eitt svar en 59 þjónustunotendur kusu að svara spurningunni ekki svo nefnarinn sem notaður er í útreikningum er 802.

Af þeim sem kváðust eiga við einhverjar af þeim áskorunum sem spurt var um voru 162 með taugaproskaröskun eða 20% svarenda. 141 voru með líkamlegan sjúkdóm eða 18% þeirra sem svöruðu spurningunni. Þá voru 136 aðilar með geðræna greiningu eða 17% og 83 aðilar höfðu gengið í gegnum kulnun eða 10% svarenda. Aðrir voru með fatlanir og andlegar áskoranir, sjá betur í töflu 6.

Tafla 6. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustunotendur Bjarkarhlíðar 2025 glíma við.
N=791

Fötlun/sjúkdómur	Fjöldi	Hlutfall
Taugaproskaröskun	162	20%
Líkamlegur sjúkdómur	141	18%
Geðrænar greiningar	136	17%
Kulnun	83	10%
Annað	44	5%
Andlegur sjúkdómur	26	3%
Blinda/sjónskerðing	20	2%
Heyrnarleysi/skerðing	14	2%
Hreyfihömlun	7	1%
Þroskaskerðing	7	1%

11. Hjúskaparstaða

Fleiri þjónustunotendur voru einhleypir eða 352 (43%), en í sambandi eða giftir sem voru 297 (36%). Þau sem voru að að skilja/slíta sambúð eða ekkjar/ekkjur sem voru 142 (18%) eins og sjá má í töflu 7 á blaðsíðu 25.



Tafla 7. Hjúskaparstaða þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2025. Hér vantar svör 11 einstaklinga og er nefnarinn því N=816 en ekki 827 eins og heildarfjöldi þjónustunotenda var á árinu.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Einhleyp/ur/t	352	43%
Í sambúð/sambandi	183	22%
Er að skilja/slíta sambúð	137	17%
Gift/ur	114	14%
Annað	25	3%
Ekkja/ekkill	5	1%

N=816

13. Atvinnustaða

Þjónustuþegar eru spurðir um stöðu á vinnumarkaði og stunduðu 363 þeirra eða 60% atvinnu, annað hvort í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 22%, sjá nánar í töflu 6. Hægt er að haka við fleiri en einn valkost í þessari spurningu og eru því svörin fleiri en þeir þjónustunotendur sem kusu að svara. 819 svöruðu spurningunni en svörin voru 924 talsins. 8 aðilar kusu að svara ekki spurningunni. Sjá töflu 8.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi	363	44%
Öryrki eða með endurhæfingarlífeyri	185	22%
Í hlutastarfi	136	16%
Nemi	80	10%
Ellilífeyrisþegi	36	4%
Annað	33	4%
Vinnuálastofnun eða atvinnuleysisbætur	26	3%
Fæðingarorlof	25	3%
Framfærsla sveitarfélags	13	2%
Heimavinnandi	13	2%
Engin framfærsla	8	1%
Án atvinnu	5	1%

Tafla 8. Atvinnustaða þjónustunotenda þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2025.



14. Birtingarmyndir ofbeldis

Í töflu 9 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustunotendur hafa mátt þola en alls greindu 827 einstaklingar frá ólíkum tegundum ofbeldis.


Tafla 9. Birtingarmynd ofbeldis. Athugið að margir þjónustunotendur hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100%. Nefnarinn við útreiknina prósentutölu í töflu 9 er 827 sem er fjöldi þjónustuþega sem svöruðu spurningunni.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Andlegt ofbeldi	626	76%
Líkamlegt ofbeldi	284	34%
Fjárhagslegt ofbeldi	290	35%
Kynferðislegt ofbeldi	291	35%
Beint/óbeint ofbeldi gegn börnum	221	26%
Stafrænt ofbeldi	124	15%
Elltihrellir	110	13%
Kyrkingatak og kæfing	79	10%
Frelsissvipting	63	8%
Morðhótun	47	6%
Mansal	3	0,03%
Stafrænt kynferðisofbeldi	26	3%
Á ekki við/náðist ekki að spyrja	15	2%
Kynferðisleg áreitni	3	0.5%

Dr. Jane Monckton Smith hefur rannsakað ofbeldi í nánum samböndum. Samkvæmt rannsóknnum hennar eru ákveðnir þættir sem sýna lífshættulega stigmögnun í ofbeldissamböndum. Þessir þættir eru kyrkingartök, kynferðislegt ofbeldi og eltihrellihögðun.

Þegar tekin var saman tölfræði um þjónustunotendur sem höfðu upplifað m.a. þessar þrjár birtingarmyndir ofbeldis, mátti sjá að lágmarki 40 einstaklingar eða 5% hafði orðið fyrir kyrkingartökum, kynferðislegu ofbeldi og eltihrellihögðun.

Þegar merkt var við einn möguleika reyndust 85% þjónustunotenda vera komnir til að ræða ofbeldi í nánu sambandi eða 631. Þá greindu 14% þjónustunotenda frá því að kynferðisofbeldi hefði verið helsta ástæða þess að þeir leituðu í Bjarkarhlíð. Sjá nánar mynd 5.



Mynd 5. Dreifing svara þegar ráðgjafar merktu við einn möguleika.



15. Tengsl við geranda


Ef svör þjónustunotenda eru skoðuð út frá tengslum við gerendur eru 54% þjónustunotenda að koma vegna fyrrverandi maka og 20% vegna núverandi maka, sjá nánar í töflu 10.

Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
Fyrrverandi maki	430	54%
Núverandi maki	159	20%
Foreldri	51	6%
Vinur/kunningi	27	3%
Annað	26	3%
Ættingi	27	3%
Ókunnur	24	3%
Kom ekki fram / náðist ekki að spyrja	19	2%
Uppkomið barn	23	3%
Stjúpforeldri	21	3%
Vinnufélagi	10	1%
Fjölskylduvinur	7	1%
Barn undir 18 ára	7	1%
Fagaðili	4	0.5%

Tafla 10 Tengsl þjónustunotenda við geranda. Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 860 þar sem einhverjir nefndu fleiri en einn geranda. Nefnarinn vegna útreikninga í töflu 10 er 800 sem er fjöldi þjónustuþega sem svöruðu spurningunni. 27 aðilar kusu að svara ekki.


16. Kyn, aldur og uppruni geranda

Upplýsingar um kyn geranda lágu fyrir í 774 málum. Karlar voru gerendur í 79% mála, konur í 18% mála, einstaklingar sem skilgreina kyn sitt á annan hátt rétt undir 1% og ekki vitað í 2% mála. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 41 til 50 ára eða 28%, sjá mynd 7 á blaðsíðu 28.



Mynd 6. Uppruni gerenda

Upplýsingar um uppruna gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 787 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 76% en 18% voru af erlendum uppruna, 8% innan EES og 10% utan EES. Sjá mynd 6.



Mynd 7 Aldursdreifing gerenda.

17. Aðkoma lögreglu og vettvangur

Alls var hakað við 1002 svör við spurningunni um vettvang ofbeldisins sem bendir til þess að hluti þjónustunotenda hefur upplifað ofbeldi á fleiri en einum stað en 59 kusu að svara spurningunni ekki. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað á sameiginlegu heimili geranda og þolanda eða í 67% tilfella. Sjá nánar töflu 11. Þá sögðust 35% þjónustunotenda að lögreglan hafi haft aðkomu að málinu, t.d. með rannsókn, ráðgjöf eða Saman gegn ofbeldi útkalli. Aðeins 10 málanna eða 1% fóru fyrir dómstól.

Tafla 11. Vettvangur ofbeldisins. Nefnarinn hér er 768 sem er fjöldi þeirra sem svöruðu spurningunni.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Sameiginlegt heimili geranda og þolanda	535	70%
Heimili þolanda	187	23%
Annað	146	19%
Heimili geranda	62	8%
Vinnustaður	19	2%
Á ekki við/náðist ekki að spyrja	27	4%
Stafrænt	13	2%



18. Fíkn gerenda

Alls komu fram 904 svör frá þjónustunotendum við spurningu um hvort þeir telji að gerandi búi við einhvers konar fíkn, 57 einstaklingar svöruðu ekki þessari spurningu, Sjá nánar töflu 12.


Tafla 12. Dreifing svara við spurningunni: Telur þú að gerandi búi við einhvers konar fíkn? Sumir þjónustunotendur nefndu fleiri en eina tegund fíknar en 71 notenda svöruðu spurningunni ekki. Nefnari sem er notaður við útreikninga í töflu 13 er 770).

Fíkn gerenda	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vitað/náðist ekki að spyrja	287	37%
Já, áfengisfíkn	211	27%
Nei, enga fíkn	178	23%
Já, vímuefnavanda	157	20%
Já, klámfíkn	35	5%
Já, spilafíkn	20	3%
Já, annað	16	2%


20. Vopn og eyðilegging muna

Við spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu geranda fengust 768 svör, 59 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni. Alls sögðu rúmlega 12% þeirra 787 þjónustunotenda sem svöruðu spurningunni að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Sjá mynd 8. Í 27% tilvika var ekki spurt um vopnanotkun eða spurningin átti ekki við.

Alls svöruðu 767 einstaklingar spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þolanda. Um 39% svöruðu játandi en um 40% svöruðu neitandi. Sjá mynd 9. Í kringum 21% tilvika var ekki spurt um eyðileggingu muna eða spurningin átti ekki við.



Mynd 8
Vopnanotkun.




Mynd 9.
Eyðilegging muna.



21. Fjárhagslegt ofbeldi

Alls svöruðu 769 einstaklingar spurningunni um hvort ofbeldið hefði haft áhrif á fjárhagslega afkomu. Af þeim svöruðu 66% spurningunni með já, að einhverju leyti eða já, að miklu leyti en 25% svöruðu neitandi. Í 10% tilvika átti það ekki við eða það náðist ekki að spyrja, sjá mynd 10.




Mynd 10. Dreifing svara um fjárhagslegt ofbeldi.

22. Afleiðingar ofbeldis

Afleiðingar ofbeldis geta verið að ólíkum toga, t.d. andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar. Ofbeldið hefur þær afleiðingar að þolandi þarf að eiga ýmis samskipti við t.d. lögregluna, barnavernd og heilbrigðiskerfið sem getur aukið verulega álag á þolendur.

Þjónustunotendur voru spurðir hvort þeir væru að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins sem þeir voru komnir til að ræða. Alls svöruðu 775 þjónustunotendur spurningunni. Af þeim sem svöruðu greindu 731 frá afleiðingum vegna ofbeldisins. En alls 29 manns töldu spurninguna ekki eiga við sitt erindi og 15 einstaklingar svöruðu neitandi. Sjá mynd 11.

Í spurningunni um hvers konar afleiðingar viðkomandi var að takast á við var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika og alls voru svörin 1.985. Ef afleiðingarnar eru skoðaðar nánar kemur í ljós að 661 einstaklingar af þeim sem svöruðu greindu frá kvíðaeinkennum, 463 þunglyndiseinkennum og 398 einstaklingar frá áfallastreitueinkennum. Sjá nánar í töflu 13 á blaðsíðu 31.



Mynd 11. Svör við spurningunni: Er viðkomandi að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins? Hér er átt við það atvik ofbeldi sem þjónustunotandi vill ræða núna.



Tafla 13. Afleiðingar ofbeldisins. 775 aðilar merktu við 1996 valmöguleika, sem leiðir að því líkur að þjónustunotendur hafi verið að takast á við fleiri en eina birtingarmynd af afleiðingum ofbeldis. En 731 þjónustunotendur hökuðu við eitt eða fleiri af eftirtöldu:


Afleiðingar	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda (N=775)
Kviðaeinkenni	661	85%
Þunglyndiseinkenni	463	60%
Einkenni áfallastreitu	298	38%
Erfiðleikar með svefn/svefnleysi	209	27%
Líkamlegir verkir	147	19%
Sjálfsvígshugsanir eða tilraunir	90	12%
Fíknivanda	37	5%
Annað	35	5%
Önnur sjálfsskaðandi hegðun	34	4%
Á ekki við/náðist ekki að spyrja	11	1%

Lögreglan

Alls greindu 250 einstaklingar af 809 frá því að lögreglan hefði haft afskipti af heimili þeirra vegna ofbeldis eða 31% af þeim sem svöruðu spurningunni. 4% sögðu að spurningin ætti ekki við (29 manns) en 65% svöruðu spurningunni neitandi eða 523 aðilar.

Líkamlegir áverkar

Alls svöruðu 775 einstaklingar spurningu um hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Þar af svöruðu tæplega 35% þeirri spurningu játandi eða 270 einstaklingar, sjá mynd 12.




Mynd 12 Dreifing svara um líkamlega áverka.



Forsjá

Alls svöruðu 438 einstaklingar spurningu um hvernig forsjá barna væri háttað. Um 53% svarenda eru með sameiginlega forsjá, 26% svarenda fóru með fulla forsjá og 9% svarenda voru með mál í ferli hjá sýslumanni. Sjá nánar á mynd 13.



Mynd 13 Dreifing svara um forsjá.

Börn á heimilinu og afskipti barnaverndar

Bjarkarhlíð hefur um árabíl spurt þjónustunotendur um fjölda barna á heimili, en sérstaklega er spurt um börn undir 18 ára aldri. Í töflu 14 má sjá fjölda barna þjónustuþega síðustu ár.

Af 764 þjónustunotendum sem svöruðu spurningunni um hvort börn byggju á heimili þeirra sögðust 458, eða 60% að eitt eða fleiri börn byggju á heimili þeirra. Samkvæmt svörum voru samtals 849 börn búsett á heimilum þjónustunotenda. Árið 2023 og 2024 áttu um 51% til 56% svarenda börn sem bjuggu á heimilinu. Alls sögðu 184 þjónustunotendur að barnavernd hefði haft afskipti af heimilinu, eða 23% af 787 einstaklingum sem kusu að svara þeirri spurningu.

Tafla 14. Fjöldi þjónustunotenda með barn eða börn á heimili síðastliðin ár.

Ár	Fjöldi	Já, barn/börn á heimili	Hlutfall
2022	978	546	56%
2023	700	546	56%
2024	785	401	51%
2025	764	464	60%



23. Fyrri áföll tengd ofbeldi

Alls greindu 368 þjónustunotenda frá því að eiga sögu um fyrri áföll vegna ofbeldis. Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis. Af þeim 365 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi, höfðu 223 einstaklingar upplifað heimilisofbeldi ýmist beint eða óbeint, 111 einstaklingar höfðu sögu um kynferðislegt ofbeldi, 93 höfðu verið beittir andlegu ofbeldi, 78 ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku og 61 líkamlegu ofbeldi. Margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis. Sjá töflu 15.

Tafla 15. Fyrri áföll tengd ofbeldi. Alls sögðust 369 þjónustunotendur hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Neðangreind tölfræði hefur nefnara 369 sem er fjöldi þeirra sem kváðust eiga sögu um fyrri áföll og eru hlutföllin byggð á þeim nefnara.

Ef já, hvers eðlis var ofbeldið?	Fjöldi	Hlutfall
Heimilisofbeldi - beint (þjónustunotendi var/er þolandi ofbeldis)	191	52%
Kynferðislegt ofbeldi	111	30%
Andlegt ofbeldi	93	25%
Ofbeldi og/eða vanræksla í æsku	78	21%
Líkamlegt ofbeldi	61	17%
Einelti	33	9%
Heimilisofbeldi - óbeint (þjónustunotandi var/er vitni af ofbeldi)	32	9%
Annað	24	7%
Birtingarmynd ofbeldis kom ekki fram	22	6%

N=364

24. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustunotanda í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (innan Bjarkarhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem eru ekki samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (utan Bjarkarhlíðar). Flestir þjónustunotendur fá tilvísun í fleiri en eitt úrræði, alls voru 919 tilvísanir í úrræði innan Bjarkarhlíðar og 369 tilvísanir í úrræði utan Bjarkarhlíðar. Sjá nánar töflu 16 og 17 á blaðsíðu 34.



Tafla 16 Fjöldi tilvísana í úrræði innan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal.

Innan Bjarkarhlíðar	Fjöldi tilvísana	Hlutfall af heildar tilvísunum
Annað viðtal við ráðgjafa Bjarkarhlíðar	574	72%
Lögregla	97	12%
Kvennaathvarfið	84	11%
Annað	66	8%
Mannréttindaskrifstofa/Kvennaráðgjöfin	61	8%
Stígamót	38	5%

N=797

Tafla 17 Fjöldi tilvísana í úrræði utan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal. .

Utan Bjarkarhlíðar	Fjöldi tilvísana	Hlutfall af heildar tilvísunum
Aðrir fagaðilar	165	55%
Sálfræðimeðferð	78	25%
Félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð	23	8%
Barnavernd	20	6%
Bergið	18	6%
Heimilislæknir	13	4%
Píeta samtökin	12	4%
Endurhæfingaúrræði	10	3%
Heimilisfriður	10	3%
HOF - teymi LSP	9	3%
Geðdeild	5	2%
Neyðarmóttaka vegna kynferðisofbeldis	2	1%
Aflið	2	1%
VIRK/Grettistak	2	1%

N=369



Aukning mála er varða lífshættulega stigmögnun

Samkvæmt rannsókn Dr. Jane Monckton Smith um 8 stiga tímalínuna eru þrír þættir sem sýna lífshættulega stigmögnun í ofbeldissamböndum. Þeir eru: kyrkingartök, kynferðislegt ofbeldi og elltihrellahegðun, sjá nánari umfjöllun á blaðsíðu 26.

Þegar tekin var saman tölfræði um þjónustunotendur Bjarkarhlíðar sem höfðu upplifað allar þrjár áðurnefndar birtingarmyndir ofbeldis sýndi tölfræðin að umrædd mál hafi aukist úr 35 árið 2024 í 40 mál árið 2025. Þar af leiðandi voru að lágmarki 40 þjónustunotendur sem leituðu til Bjarkarhlíðar sem höfðu farið í gegnum, eða voru ennþá í aðstæðum lífshættulegrar stigmögnunar í ofbeldissambandi sínu á þeim tíma er þjónustunotendurnir leituðu til Bjarkarhlíðar. Fjöldinn gæti verið meiri þar sem ekki er gefið að allir þolendur hafi greint frá öllum birtingarmyndum innan ofbeldissambandanna í ráðgjöf.

Ofbeldi gegn eldra fólki

Á milli árána 2024 og 2025 varð 100% aukning í fjölda þeirra sem voru 71 árs og eldri sem leituðu til Bjarkarhlíðar. Á sama tímabili varð um þriðjungs aukning hjá þeim sem voru 61 til 71 ára. Rekja má aukna komu þeirra meðal annars til aukinnar fjölmiðlaumfjöllunar um málefnið.

Fjöldi barna á heimilum og áhrif ofbeldis á börn

Á milli árána 2024 og 2025 varð 9% aukning á fjölda þjónustunotenda með barn eða börn á heimilinu og greindu 464 þjónustunotendur Bjarkarhlíðar frá barni eða börnum á heimilinu árið 2025, alls 849 börn.

Ofbeldi á heimilum barna, hvort sem það bitnar beint eða óbeint á þeim, getur haft langvarandi áhrif á þau fram á fullorðinsár. Þá greindu 79 þjónustunotendur Bjarkarhlíðar árið 2025 frá ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku.

Fjöldi nýrra þjónustunotenda og mála

Á árinu 2025 leituðu alls 861 einstaklingar til Bjarkarhlíðar. Þá voru 588 þjónustunotendur komnir, í samanburði við 421 árið 2024, til að ræða nýtt mál þ.e. viðvarandi mál eða mál sem kom upp innan árs frá komu þeirra til Bjarkarhlíðar. Á milli árána 2024 og 2025 var 9% aukning varðandi ný eða viðvarandi mál sem þjónustunotendur leituðu til Bjarkarhlíðar vegna.



Tölfræði Bjarkarhlíðar frá árinu 2025 sýnir okkur enn og aftur mikilvægi þess að standa vörð um réttindi, öryggi og vegferð brotþola ofbeldis. Starf Bjarkarhlíðar byggir á að hver einstaklingur eigi rétt á stuðningi, virðingu og trausti á sínum eigin forsendum og á sínum hraða.

Árið 2024 tók Bjarkarhlíð að sér verkefni til tveggja ára sem snúa að mansalsmálum og uppbyggingu verkefnis sem miðar að því að mæta brotþolum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þessi þróun endurspeglar skýrt þá miklu og vaxandi þörf sem er fyrir sérhæfða og aðgengilega þjónustu um land allt.

Reynsla undanfarinna ára sýnir að eftirspurn eftir þjónustu Bjarkarhlíðar er stöðug. Það kallar á að starfsemin haldi áfram að þróast í takt við þarfir þjónustunotenda, með áherslu á gæði, skilvirkni og skýra verkaskiptingu. Á árinu 2025 hefur ríkt óvissa um fjármögnun starfseminnar. Áskoranir tengdar rekstrarfjármagni og skortur á fyrirsjáanleika varðandi áframhaldandi stuðning hafa haft áhrif á skipulag og skipulag til framtíðar. Slík óvissa undirstrikar mikilvægi þess að tryggja stöðugt og varanlegt rekstrarumhverfi fyrir þjónustu sem þolendur ofbeldis reiða sig á þegar þau er standa frammi fyrir erfiðum tímum í lífi sínu.

Samstarf við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök hefur áfram verið lykilþáttur í starfseminni. Þverfaglegt samstarf hefur sannað gildi sitt, sem sýnir sig í ánægju notenda og auknu öryggi þeirra sem til okkar leita. Þá hefur verið gott samstarf við aðrar þolendamiðstöðvar um allt land. Árið 2025 hefur verið bæði lærdómsríkt og krefjandi í starfi Bjarkarhlíðar. Þörfin fyrir þjónustu við þolendur ofbeldis hefur aukist ár frá ári og undirstrikað hversu mikilvægt er að tryggja stöðugt, aðgengilegt og faglegt stuðningsumhverfi fyrir þau sem til okkar leita.

Við þökkum starfsfólki, samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa stutt starfsemina á árinu fyrir ómetanlegt framlag. Saman getum við áfram unnið að samfélagi þar sem þolendur fá stuðning, réttlæti og raunveruleg tækifæri til bata.

Fyrir hönd stjórnar,

Þóra Jónasdóttir,
formaður stjórnar Bjarkarhlíðar



Bjarkarhlíð
við Bústaðaveg
553 3000
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is
www.bjarkarhlid.is

